

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 435/1993.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Guðmanni Kristjánssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting. Málflutningsmaður. Vítur. Aðfinnslur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að kröfu ákærða með stefnu 26. október 1993. Ákærði krefst þess, að ákæru málsins verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt er af þess hálfu stefnt verjanda ákærða í héraði, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni. Er þess krafist, að hann verði „vegna áfrýjunar sinnar á máli ákærða í skjóli umboðs frá honum, sem fengið var við dómtöku málsins, til þess að mæla fyrir um áfrýjun, dæmdur til greiðslu fésektar samkvæmt 162. gr., e contrario, laga nr. 19/1991 eða annarra viðurlaga, og samkvæmt 167. gr. sömu laga til greiðslu alls kostnaðar, sem af áfrýjun málsins leiðir, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs“. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvaldsins einnig vitnað til sektarheimildar 161. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Af hálfu Kristjáns Stefánssonar eru gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Hann játaði strax brot sitt skýlaust og greiðlega og hefur haldið sig við þá játningu. Réttarfarsreglur varðandi rekstur slíkra mála eru einfaldar og ótvíræðar. Réfsing sú, er ákærði hlaut í héraði, er venjuleg.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði átti rétt á að áfrýja máli þessu til Hæstaréttar, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt bókun héraðsdómara veitti ákærði verjanda sínum umboð til að taka afstöðu til áfrýjunar málsins við dóm-töku þess. Umboð ákærðra til verjenda til áfrýjunar dóma fyrir upp-kvaðningu þeirra verða að teljast óviðeigandi, nema sérstaklega standi á. Hins vegar er ekki nægjanlega fram komið, að verjandinn, Kristján Stefánsson, hafi tilkynnt áfrýjun málsins án samráðs við ákærða. Verður honum því ekki gerð sekt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber ákærða að greiða allan áfrýj-unarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málsvagnarlaun vegna verjandans, Kristjáns Stefánssonar, greið-ast úr ríkissjóði.

Áfrýjun dóms í máli þessu var með öllu tilefnislaus og fylgdi í kjölfar á óþörfum réttarfarsflækjum verjandans, Kristjáns Stefáns-sonar, við meðferð málsins í héraði, svo sem rakið er í héraðsdómi. Verður að víta lögmanninn fyrir verjandastörfin, sbr. 162. gr. laga nr. 19/1991.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Verjanda ákærða í héraði, Kristjáni Stefánssyni, verður ekki gerð sekt í málinu.

Ákærði, Guðmann Kristjánsson, greiði allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvagnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Málsvagnarlaun vegna Kristjáns Stefánssonar til skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorodd-sen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. september 1993.**

Mál þetta var höfðað af sýslumanninum í Hafnarfirði á hendur Guð-manni Kristjánssyni, kt. 131074-4419, nú til heimilis í Heiðarholti 22, Kefla-vík, en áður í Faxatúni 4, Garðabæ. Ákæra var gefin út 19. ágúst sl. og mál-

ið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða ásamt fyrirkalli 1. september. Málið var þingfest 8. september og tekið til dóms í fyrradag, 27. september, að lokinni aðalmeðferð.

Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa ekið „aðfaranótt 18. apríl 1992 bifreiðinni T-109 undir áhrifum áfengis frá Hraunbæ 16, Reykjavík, þar til lögreglan hafði afskipti af ákærða að Vesturbergi 54, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 5/1987“.

Af hálfu ákærða var þess krafist þegar við þingfestingu málsins 8. september, að ákæru yrði vísað frá dómi. Í því þinghaldi synjaði dómari þeirrar kröfu með úrskurði. Í varnarræðu í fyrradag var þess krafist af hálfu ákærða, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara að honum yrði ekki gerð refsing. Þess var og krafist að málskostnaður allur yrði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

Hinn 24. júlí 1992 gekkst ákærði undir sektargerð sýslumannsins í Hafnarfirði. Segir í henni, að ákærði „viðurkennir að hafa ekið undir áhrifum áfengis bifr. T-109 aðfaranótt 18. apríl 1992 frá Hraunbæ 16, Reykjavík, þar til lögreglan hafði afskipti af kærða að Vesturbergi 54, Reykjavík“. Í skjölum máls kemur fram, og er þess getið í sektargerðinni, að alkóhólmagn í blóði ákærða hafi í umrætt sinn mælst vera 0,87%. Í sektargerðinni var ákærða boðið að ljúka málinu skv. heimild í 115. gr. laga nr. 19/1991 með því að greiða fjársekt, kr. 24.000, og málskostnað, kr. 4.069, fyrir 1. september 1992 og sæta jafnframt ökuleyfissviptingu í þrjá mánuði frá 19. júní 1992. Þetta boð samþykkti ákærði.

Upplýst er að ákærði hefur hvorki greitt neitt upp í sektina né málskostnaðinn. Hann hefur fyrir dóminum tilgreint sem ástæðu eignaleysi og atvinnuleysi. Innheimtubréf var honum sent 11. maí sl. Segir þar að ákærða sé veittur frestur til 2. júní 1993 til að greiða sektina og málskostnaðinn, og síðan: „Að öðrum kosti verður ákæra gefin út á hendur yður, sbr. 3. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991 en samkvæmt henni verður krafist vararefsingar í formi varðhaldsvistar.“ Ákærði svaraði ekki þessu bréfi. Í bréfi sýslumannsins til dómsins, dags. 19. ágúst sl., er vísað til sektargerðarinnar: „Þessa sátt hefur ákærði vanefnt að verulegu leyti og er því málshöfðun þessi nauðsynleg.“

Samkvæmt 3. mgr. 115. gr., sbr. lokamálslið 2. mgr. sömu gr., laga nr. 19/1991, er heimilt að höfða mál fyrir dómi þegar svo stendur á sem lýst hefur verið. Verður að líta svo á að með málshöfðuninni sé sektargerðin frá 24. júlí 1992 úr gildi fallin.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 var lögreglustjórum heimilt að höfða mál vegna brota gegn umferðarlögum. Með lögum nr. 38/1993 var 28. greininni breytt. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga er lögreglustjórum heimilt að höfða opinber mál að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara, enda liggja ekki þyngrri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Slík almenn ákvörðun, sem talað er um í lagaákvæðinu, var tekin með umburðarbréfi ríkissaksóknara, dags. 14. maí 1993. Mál þetta er því höfðað af þar til bærum aðila.

Í þinghaldinu í gær var bókað í þingbók eftir ákærða að hann viðurkendi brot sitt eins og því væri lýst í ákæru. Hann tók og fram að hann gerði ekki athugasemdir við lögregluskýrslur, sem fyrir liggja, og rengdi ekki niðurstöðu blóðrannsókna.

Með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum máls, er sök hans sönnuð. Hann er sakhæfur. Brotið er réttilega fært undir lagaákvæði í ákæru, nema hvað 100. gr. umferðarlaga er þar ekki tilgreind, en samkvæmt þeirri grein verður ákærða gerð refsing.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur ákærði auk þess máls, sem hér er til umfjöllunar, ekki sætt öðrum refsingum en þeim, að hinn 22. desember 1992 gekkst hann undir sektargerð hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, 38.000 króna sekt, vegna brota á 37. og 48. gr. umferðarlaga. Verjandi ákærða hefur haldið því fram að sektargerð þessi ætti að leiða til þess að ákærða, ef sekur yrði fundinn, yrði dæmdur hegningarauki skv. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lagagrein þessi hefst svo: „Verði maður, sem búíð er að dæma fyrir eitt brot eða fleiri, uppvis að því að hafa framið önnur brot, áður en hann var dæmdur, skal dæma honum hegningarauka, . . .“ Sektargerðin 22. desember sl. var ekki dómur, og verður ákærða því ekki dæmdur hegningarauki, sbr. ótvírætt orðalag 78. greinarinnar.

Dómara þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 24.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast kr. 5.000 auk virðisaukaskatts, og þóknun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl. Þá er rétt að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuleyfis í þrjá mánuði, en þá sviptingu hefur hann þegar aflánað skv. sektargerðinni frá 24. júlí 1992.

Mál þetta er í raun mjög einfalt í sniðum. Ákærði hefur á öllum stigum þess játað brot sitt skýlaust og greiðlega, fyrir lögreglu, sýslumanni og fyrir dómi. Aldrei hefur neinn vafi leikið á sök hans. Að mati dómara eru lagaheimildir til höfðunar málsins ótvíræðar. Verjandi, sem er hæstaréttarlög-

maður, hefur þó kosið að draga það á langinn. Frávísunarkröfuna byggði hann á því, að mál þetta hefði verið til lykta leitt með sektargerðinni 24. júlí 1992 (sýknukrafan var einnig á þessu byggð), í 3. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991 fælist ekki heimild til saksóknar, og ef um slíka heimild væri þó að ræða, ætti valdið til ákvörðunar um saksókn að liggja hjá ríkissaksóknara. Ekki er hér efnisrökum til að dreifa og að mati dómara ekki tækum laga-rökum. Í annað þinghald málsins mætti verjandi ekki og hefur þó ekki gert grein fyrir lögmætum forföllum, en dómari kaus að fresta þá málinu til að firra ákærða hugsanlegum málsþjöllum. Í þinghaldi í fyrradag játaði ákærði skýlaust brot sitt, eins og því er lýst í ákæru. Fulltrúi ákæruvalds bauð ákærða að ljúka málinu með viðurlagaákvörðun samkvæmt 124. gr. laga nr. 19/1991. Því hafnaði ákærði að ráði verjanda. Að því loknu var bókað í þingbók: „Aðiljar eru sammála um að málið verði tekið til dóms skv. 125. gr. laga nr. 19/1991.“ Var því næst aðilum boðið að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Gerði fulltrúi ákæruvaldsins það, en að því loknu tók verjandi til máls. Kvaðst hann þá telja að 3. mgr. 129. gr. ætti við um málið, eins og það væri statt. Bar hann þá fram sýknukröfu. Var þetta alveg ófyrir-synju eins og málið lá fyrir. Að þessu athuguðu verður að telja að máls-vörninni hafi verið hagað svo að málið hafi orðið umfangsmeira og tafsam-ara en nokkur rökleg ástæða er til og valdið ákærða óþörfum kostnaði. Þykir þóknun lögmannsins að þessu athuguðu hæfilega ákveðin kr. 5.000 auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmann Kristjánsson, greiði 24.000 króna sekt í ríkis-sjóð. Komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði frá 19. júní 1992.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000, og þóknun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., kr. 5000 auk virðisaukaskatts.